

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 5/2008

Gámaþjónustan hf.

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I.

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dagsettu og mótteknu 21. janúar 2008, hefur Gámaþjónustan hf. kært ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 69/2007, frá 20. desember 2007. Í hinni kærðu ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að það hefði ekki forsendur til íhlutunar vegna kvörtunar fyrirtækisins varðandi rekstur Reykjavíkurborgar á svokölluðum bláum tunnum. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála taldi vafa leika á því hvort kæra áfrýjanda hefði brotist nefndinni innan kærufrests samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og var það atriði því tekið til úrskurðar sérstaklega.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er þess krafist að kæru áfrýjanda verði vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

II.

Helstu málavextir

Með bréfi dags. 8. júní 2007 kvartaði áfrýjandi yfir ákvörðun Reykjavíkurborgar um að bjóða borgarbúum „bláar tunnur“ í beinni samkeppni við „endurvinnslutunnur“ áfrýjanda. Taldi hann ákvörðunina hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Um nánari málsatvik og málsmeðferð vísast til hinnar kærðu ákvörðunar. Hinn 20. desember tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun í málinu. Ákvörðunarorðin eru svohljóðandi:

„Samkeppniseftirlitið hefur ekki forsendur til íhlutunar vegna kvörtunar Gámaþjónustunnar hf. í máli þessu.“

Ákvörðunin var boðsend lögmanni áfrýjanda 20. desember 2007. Starfsmaður lögmannsstofu hans tók við ákvörðuninni og kvittaði fyrir móttöku kl. 16.12.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð áfrýjanda barst 30. janúar 2008, greinargerð Samkeppniseftirlitsins sama dag og athugasemdir áfrýjanda 1. febrúar 2008. Ekki bárust frekari athugasemdir frá Samkeppniseftirlitinu.

III.

Helstu sjónarmið málsaðila

Sjónarmið áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er vísað til þess að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sé dagsett 20. desember 2007 og samkvæmt móttökukvittun dagsettri sama dag, nánar tiltekið kl. 16:12, hafi ákvörðunin verið birt fyrir starfsmanni lögmannsstofunnar Fulltingis ehf., sem kvittað hafi fyrir móttöku bréfsins. Fyrirsvarsmönnum áfrýjanda hafi verið tilkynnt ákvörðunin næsta dag, eða föstudaginn 21. desember 2007.

Að mati áfrýjanda ber að skýra 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga þannig að kærufrestur hafi byrjað að líða þegar aðila málsins, þ.e. áfrýjanda, hafi verið tilkynnt um ákvörðunina eða föstudaginn 21. desember 2007. Telur áfrýjandi að þar sem 9. gr. samkeppnislaga mæli ekki fyrir um hvenær kæra telst hafi borist áfrýjunarnefndinni verði að horfa til 1. mgr. 8. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, þar sem kveðið sé á um að fyrsti dagur við talningu kærufrests skuli vera sá dagur sem kemur á eftir þeim degi sem fresturinn er reiknaður frá. Áfrýjandi telur að skýra beri orðalagið „innan fjögurra vikna“ svo að kæra skuli berast innan eins mánaðar eða 30 daga. Þar sem fyrirsvarsmönnum áfrýjanda hafi verið tilkynnt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins 21. desember 2007 teljist fyrsti dagur hins 30 daga frests samkvæmt tilvitnuðu ákvæði því laugardagurinn 22. desember 2007. Að sama skapi hafi lokadagur frestsins verið 20. janúar 2008. Þar sem lokadagur kærufrestsins hafi verið sunnudagur og þar af leiðandi almennur frídagur þá beri að beita ákvæði 2. mgr. 8. gr. laganna þess efnis að ef lokadagur frests beri upp á almennan frídag framlengist fresturinn sjálfkrafa til næsta opnunardags þar á eftir. Af því leiði að kærufrestur í máli þessu hafi framlengst til mánudagsins 21. janúar 2008. Kæran hafi því borist áfrýjunarnefnd innan lögboðins frests.

Áfrýjandi bendir á að Samkeppniseftirlitið hafi boðsent hina kærðu ákvörðun á lögfræðiskrifstofu Fulltingis ehf. og hafi starfsmaður skrifstofunnar kvittað fyrir móttöku bréfsins. Ákvörðunin hafi hins vegar ekki verið tilkynnt aðila málsins, áfrýjanda, við þetta sama tækifæri líkt og ákvæði 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga geri ráð fyrir. Teljist því ósannað að áfrýjandi hafi fengið fullnægjandi tilkynningu frá Samkeppniseftirlitinu um ákvörðunina. Ennfremur bendir áfrýjandi á að ákvörðunin hafi verið birt of seint til að fyrsti dagur frestsins gæti talist 20. desember 2007. Við skýringu á því hvenær réttaráhrif ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins hefjist, þ. á m. rétturinn til málskots, verði ákvörðun að hafa borist aðila máls innan hefðbundins skrifstofutíma. Ella teljist hún hafa komið fram daginn eftir og byrji kærufrestur að líða frá og með þeim degi.

Sjónarmið Samkeppniseftirlitsins

Að hálfu Samkeppniseftirlitsins er byggt á því að kæra áfrýjanda hafi ekki borist áfrýjunarnefnd samkeppnismála innan kærufrests skv. 9. gr. samkeppnislaga og því beri að vísa máli þessu frá.

Samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga skuli skrifleg kæra berast áfrýjunarnefnd samkeppnismála innan fjögurra vikna frá því að aðila máls hafi verið tilkynnt um ákvörðunina. Um viðmiðun upphafs kærufrests sé ekki kveðið sérstaklega á um í samkeppnislögum og beri því að fylgja almennum reglum um kærufrest í 1. mgr. 8. gr. stjórnsýslulaga, sbr. úrskurði nefndarinnar í málum nr. 5/2001 og 2/2003. Í ákvæðinu segi að þar sem kveðið sé á um frest í lögum teljist sá dagur, sem fresturinn sé talinn frá, ekki með í frestinum. Samkvæmt þessu hafi því kærufrestur í málinu því hafist næsta dag eftir móttöku ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins. Fyrir liggja skrifleg staðfesting starfsmanns lögmanns áfrýjanda um móttöku boðsendrar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins kl. 16:12 þann 20. desember 2007. Kærufresturinn hafi því byrjað að líða samkvæmt framansögðu þann 21. desember 2007 og lokið 4 vikum síðar eða þann 18. janúar 2008, sbr. 9. gr. samkeppnislaga. Af þessu leiði að þegar kæra barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 21. janúar 2008 hafi lögmaeltur kærufrestur vegna umræddrar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins verið liðinn.

IV.

Niðurstaða

1

Yfirlýsing um málflytningsumboð hefur verið lögð fram í málinu. Í henni kemur fram að framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar hf. hefur veitt þeim Kristni Hallgrímssyni hrl. og Antoni B. Markússyni hrl., Fulltingi lögfræðiþjónustu ehf., „fullt og ótakmarkað umboð til að koma fram fyrir hönd félagsins, þannig að líta megi á yfirlýsingar þeirra ellegar

athafnir í tengslum við mál sem rekið er fyrir samkeppnisyfirvöldum, svokallað „Endurvinnslumál“ sem yfirlýsingar ellegar athafnir félagsins.“

2

Fram kemur í málsskjöllum að með bréfi frá 8. júlí 2007 til Samkeppniseftirlitsins frá Fulltingi ehf. f.h. Gámaþjónustunnar hf. kvartaði fyrirtækið yfir ákvörðun Reykjavíkurborgar um að bjóða borgarbúum upp á „bláar tunnur“ í beinni samkeppni við „endurvinnslutunnur“ kvartanda. Samkeppniseftirlitið afgreiddi þetta erindi með ákvörðun nr. 69/2007 frá 20. desember 2007 þar sem það taldi ekki forsendur til íhlutunar vegna kvörtunarinnar. Var sú niðurstaða birt fyrir Kristni Hallgrímssyni f.h. Fulltingis ehf. þann 20. desember 2007. Kæra í máli þessu er síðan undirrituð af Kristni Hallgrímssyni hrl. þann 21. janúar 2008 og barst hún áfrýjunarnefndinni sama dag. Samkvæmt þessu telur áfrýjunarnefndin engan vafa á því að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var réttilega tilkynnt umboðsmanni áfrýjanda. Verður ákvæði 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga ekki skýrt svo þröngri skýringu að þar sé aðeins átt við þann sem telst vera aðili máls.

3

Í 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 segir að ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins sæti kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Samkvæmt ákvæðinu skal skrifleg kæra „berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina“. Gefur ákvæðið, sem hefur að þessu leyti sjálfstætt gildi gagnvart stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, ekki heimild til frávika frá þeirri reglu. Ekki er unnt að fallast á það sjónarmið áfrýjanda að skýra beri orðalagið „innan fjögurra vikna“ svo að kæra skuli berast innan eins mánaðar eða 30 daga.

Við viðmiðun upphafs kærufrests á þessu sviði, sem ekki er kveðið sérstaklega á um í samkeppnislögum, skal hér fylgt fyrirmælum 1. mgr. 8. gr. stjórnarsýslulaga, en samkvæmt því hófst kærufrestur í máli þessu næsta dag eftir fyrrnefnda móttöku ákvörðunar

Samkeppniseftirlitsins. Er því upphafstími frestsins föstudagurinn 21. desember 2007 og lauk honum fjórum vikum eða 28 dögum síðar, þ.e. fimmtudaginn 17. janúar 2008. Fyrir liggur í málinu að kæran barst ekki áfrýjunarnefnd samkeppnismála fyrir en mánudaginn 21. janúar 2008. Var þá liðinn lögmæltur kærufrestur vegna umræddrar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins. Ber því að vísa kæru þessari frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Úrskurðarorð:

Kæru áfrýjanda er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 4. mars 2008

Stefán Már Stefánsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir